



385. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 25. febrúar 2026 kl. 16:00.

Mættir: Willum Þór Þórsson forseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Viðar Garðarsson, Elsa Nielsen, Hjördís Guðmundsdóttir, Anton Sveinn McKee, Hafsteinn Pálsson, Sigurjón Sigurðsson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs.

Teams: Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Heimir Örn Árnason, Kári Mímisson og Þórdís Anna Gylfadóttir.

Forföll: Daníel Jakobsson gjaldkeri, Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Trausti Gylfason.

Forseti setti fund og stýrði honum.

Dagskrá:

1. Heimsókn frá Samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs

Vegna veikinda þá féll þessi dagskrárliður niður.

Í stað þess voru nýjustu starfmenn ÍSÍ kallaðir inn á fundinn til kynningar.

- Íris Elfa Þorkeldsdóttir kynningarstjóri hóf störf 2. janúar sl.
- Hansína Þóra Gunnarsdóttir hóf nýlega störf í afleysingu á Fræðslu- og almenningisíþróttasviði fyrir Þórarinn Alvar Þórarinsson sem er í fæðingarorlofi.

Auk ofangreindra þá hóf Elísa Weissappel einnig nýlega störf í afleysingu á Fræðslu- og almenningisíþróttasviði fyrir Margréti Reginu Grétarsdóttur sem er í fæðingarorlofi.

2. Málefni á milli funda - til kynningar og upplýsingar

2.01 Samantekt skrifstofu

Lögð fram. Almennar umræður urðu um ýmsa þætti í samantektinni.

2.02 Samantekt svæðisstöðva.

Lögð fram. Almennar umræður urðu um ýmsa þætti í samantektinni.

2.03 Rafrænar ákvarðanir um fjármálatengd atriði

Formleg bókun í fundargerð um rafrænar samþykktir framkvæmdastjórnar ÍSÍ á milli stjórnarfunda:

- Úthlutunarreglur ÍSÍ vegna lottó. Bókuð andmæli frá Viðari Garðarssyni á þessum lið.
- Umsýslukostnaður vegna verkefna
- Skipting ríkisstyrks til sérsambanda ÍSÍ

2.04 Staðfesting á lokahópi á ÓL Milanó Cortína

Formleg bókun í fundargerð um rafræna samþykkt framkvæmdastjórnar frá 26. janúar síðastliðnum.

2.05 Staðfesting á auka keppendakvóta í alpagreinar á ÓL Milanó Cortína

Formleg bókun í fundargerð um rafræna samþykkt framkvæmdastjórnar ÍSÍ frá 8. febrúar síðastliðnum.

Umræður urðu um Vetrarólympíuleikana í Milanó Cortína, áskoranir og gengi.

2.06 Umsögn ÍSÍ á drögum að tillögu til þingsályktunar um forvarnaráætlun gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og áreitni meðal barna og ungmenna, fyrir árin 2026-2030.

Lögð fram til formlegrar bókunar í fundargerð umsögn sem ÍSí sendi um ofangreind drög. Umsögnin byggði á tillögu Kolbrúnar Hrundar Sigurgeirsdóttur og var yfirlésinn af forseta, framkvæmdastjóra, Stjórnsýslusviði og Fræðslu- og almenningsíþróttasviði.

2.07 Fundargerð 384. fundar framkvæmdastjórnar frá 16. janúar 2026

Fundargerðin var staðfest með rafrænum hætti af framkvæmdastjórn á milli funda og birt á heimasíðu ÍSí og er sú afgreiðsla hér með bókun í fundargerð.

2.08 Fundargerð 350. fundar Afrekssjóðs ÍSí

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2.09 Fundargerð AMÍ frá 30. janúar

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2.10 Stöðuskýrsla Stjórnsýslusviðs ÍSí

Lagt fram minnisblað um stöðu verkefna gagnvart viðmiðum ÍSí um góða stjórnarhætti, til upplýsingar. Minnisblaðið var unnið af sviðsstjóra Stjórnsýslusviðs ÍSí.

3. Fjármál

Forseti vísaði í undirritun samninga með mennta- og barnamálaráðherra 11. febrúar síðastliðinn. Ráðherra fékk í leiðinni kynningu á starfsemi ÍSí og var fundað um ýmis málefni. Samningarnir lúta að áður samþykktum fjárframlögum á fjárlögum en að auki voru í samningunum 100 m. króna viðbótarframlag í Ferðasjóð íþróttafélaga og stuðningur við svæðisskrifstofur ÍSí og UMFÍ vegna ársins 2026

Miklar umræður urðu um fjármögnun íþróttahreyfingarinnar og áskoranir sem blasa við á þeim vettvangi.

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála varðandi gerð ársreiknings og uppfærslu fjárhagsáætlunar.

4. Afreksíþróttir

4.01 Kostnaðarþátttaka vegna landsliðspátttöku ungmenna, úthlutun 3/3 2025

Lögð fram tillaga að úthlutun þriðja og síðasta ársþriðjungs ársins 2025 vegna kostnaðarþátttöku ÍSí vegna landsliðspátttöku ungmenna. Fram kom í máli fundarmanna að þessar úthlutanir kæmu sér víða afar vel og skipti foreldra viðkomandi ungmenna verulegu máli. Umræður urðu um fyrirkomulagið og hvort og þá hvernig mætti bæta það í þá átt að hraða úthlutunum enn frekar.

Tillagan að úthlutun samþykkt samhljóða.

5. Stefnumótun

5.01 Samantekt á stöðu í stefnuvinnu - Næstu skref

Farið í gegnum kynningu frá Expectus varðandi stöðuna á stefnumótun íþróttahreyfingarinnar. Nýlega voru haldnar þrjár vinnustofur í Laugardalnum með aðilum víða úr hreyfingunni, samtökum og atvinnulífinu. Framundan eru tveir fundir í Laugardalnum í mars og einnig tveir fundir á Teams. Einnig verða fundir á öllum svæðum svæðisstöðva ÍSí og UMFÍ.

Bréf hefur verið sent út til sambandsaðila um stöðu stefnumótunarverkefnisins. Þar er fundaráætlun einnig sett fram.

Forseti fór yfir stöðuna varðandi skattamál íþróttahreyfingarinnar og helstu áherslur vinnuhópanna sem eru að störfum um þau mál.

6. Til afgreiðslu:

6.01 Ósk um tilnefningu í stjórn Íslenskra getrauna

Tekið fyrir erindi frá mennta- og barnamálaráðuneytinu þar sem óskað er eftir tilnefningu fulltrúa frá ÍSÍ í stjórn Íslenskra getrauna til næstu þriggja ára.

Samþykkt að tilnefna Hafstein Pálsson í stjórnina. Skrifstofu falið að tilkynna niðurstöðuna til ráðuneytisins.

6.02 Fundargerð 1. fundar laganefndar ÍSÍ 2026

Fundargerðin lögð fram til afgreiðslu. Tillögur laganefndar um afgreiðslu mála, sbr. fundargerð, samþykkt.

6.03 Erindi Billiardsambands Íslands um viðurkenningu knattborðsleikja og viðaukar.

Tekið fyrir erindi Billiardsambands Íslands þar sem óskað er eftir viðurkenningu ÍSÍ á knattborðsleikjum (snóker og pool).

Framkvæmdastjórn ÍSÍ samþykkti að viðurkenna knattborðsleiki (snóker og pool), sem stundaðar eru innan vébanda International Billiards and Snooker Federation (IBSF) sem tilheyrir World Confederation of Billiards Sports (WCBS), sem íþróttir innan vébanda ÍSÍ.

6.04 Erindi Rafíþróttasambands Íslands – umsókn og viðaukar

Tekið fyrir erindi Rafíþróttasambands Íslands (RÍSÍ) þar sem óskað er eftir því að ÍSÍ viðurkenni rafíþróttir formlega sem íþrótt sem fái að starfa innan vébanda ÍSÍ og að ÍSÍ samþykkir að leita eftir heimild íþróttapings ÍSÍ 2027 um stofnun sérsambands um rafíþróttir á Íslandi.

Framkvæmdastjórn ÍSÍ horfði til ýmissa þátta við umfjöllun um erindi RÍSÍ, en fyrst og fremst til skilgreiningar íþróttapings ÍSÍ 2021 um rafíþróttir og rafleiki, sem enn er leiðandi gagn í málefnum rafíþróttar/rafleikja innan íþróttahreyfingarinnar.

Sú skilgreining byggir m.a. á skilgreiningum Alþjóðaólympíunefndarinnar (IOC), þ.e. mismunandi afstöðu gagnvart rafíþróttum (e. Esports) og rafleikjum (e. Gaming).

Afstaða IOC hefur lítið breyst undanfarin ár varðandi skilgreiningarnar en IOC hefur lýst yfir vilja til samstarfs um rafíþróttir af einhverju tagi og almennt gefið jákvæðan tón í þá átt að rafíþróttir geti á einhvern hátt komið að starfsemi IOC, án þess að það hafi verið skilgreint ennþá hvaða leiðir verði valdar í þeim efnum.

Alþjóðaólympíunefndin (IOC) hefur ekki veitt International Esports Federation viðurkenningu en breytingar geta átt sér stað með skjótum hætti og fylgist ÍSÍ náið með þróun mála, bæði hjá IOC og eins hjá Evrópusambandi Ólympíunefnda (EOC).

Af ofangreindu og með tilvísun í lið 1.5 í umsókn RÍSÍ má sjá að skilgreining ÍSÍ og skilgreining RÍSÍ á því hvað fellur undir rafíþróttir er ekki sú sama, en slíkt verður að teljast forsenda þess að hægt sé að taka afstöðu um viðurkenningu af hálfu ÍSÍ.

Því sér framkvæmdastjórn ÍSÍ sér þess ekki fært, að taka afstöðu gagnvart lið a)-lið (um viðurkenningu á rafíþróttum) nema að undangenginni umfjöllun og eftir atvikum breytingu/samþykki íþróttapings ÍSÍ um skilgreiningu á því hvað fellur þar undir (rafíþróttir/rafleikir).

Varðandi heimild íþróttapings varðandi stofnun Rafíþróttasambands Íslands þá felur ofangreind ákvörðun í sér að ekki var tekin afstaða til þess liðs í umsókn RÍSÍ.

Að því sögðu þá er mikill vilji hjá framkvæmdastjórn ÍSÍ að halda samtalinu áfram við forsvarsfólk RÍSÍ, ekki síst um leiðina að samræmdum skilningi um hvað telst til rafíþróttta og hvernig bæði sambönd geta verið sem best undirbúin fyrir breytingar, þegar og ef þær gerast á alþjóðavettvangi. Oft verður hröð þróun á gangi mála ef breytingar verða í umhverfinu og þó að framkvæmdastjórn ÍSÍ hafi ekki séð sér þess fært að viðurkenna rafíþróttir á þessu stigi þá er það engin útilokun á viðsnúningi á síðari stigum.

7. Viðburðir

Farið fyrir viðburði sem fram undan eru og mönnun þeirra.

8. Næstu fundir

Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ verða miðvikudagana 18. mars, 15. apríl og 20. maí.

9. Önnur mál

9.01 Heiðranir

Teknar fyrir tilnefningar frá USAH að heiðrunum á ársingi USAH 21. mars.

Samþykkt að veita þrjú Silfurmerki ÍSÍ á þinginu. Nánari upplýsingar settar í trúnaðarbók.

9.02 Nafnabreyting á vinnuhópi ÍSÍ um verndun og velferð iðkenda

Forseti gerði að tillögu sinni breytingu á nafni á ofangreindum vinnuhópi.

Samþykkt að breyta nafni hópsins í Velferðarnefnd ÍSÍ.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.